

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands
Kennitala 620316-1800
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi sjóðsins

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands er sjálfseignarstofnun og er tilgangur sjóðsins að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins nam tap ársins 7,3 milljónum króna samanborið við 39,5 milljóna króna tap ársins 2022. Eigið fé sjóðsins í árslok 2023 var 151 milljón króna. Ráðstöfun afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringum.

Það er álit stjórnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun sjóðsins, komi fram í ársreikningnum.

Áhrif stríðsátaka í Úkraínu

Áhrif af stríði í Úkraínu sem hófst á árinu 2022 komu fram í gegnum áhrif á fjármagnsmarkaði þar sem áhrif voru verulega neikvæð á ávöxtun. Síðari hluta ársins 2023 dró úr áhrifum á eignasafn.

Jöfnun taps

Stjórnin vísar til skýringa varðandi jöfnun taps sjóðsins.

Stofnendur

Sjóðurinn var stofnaður þann 16. desember 2015. Stofnendur sjóðsins voru 25 en 10 stærstu stofnframlög til sjóðsins komu frá eftirfarandi aðilum:

Krabbameinsfélag Íslands
Sjóður Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna
Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson
Krabbameinsfélag Reykjavíkur
Krabbameinsfélag Snæfellsness
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis
Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga
Krabbameinsfélag Suðurlands
Krabbameinsfélag Suðurnesja
Stómasamtök Íslands

Stjórn Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Reykjavík, 8. maí 2024

Stjórn:

Magnús Karl Magnússon

Ásgerður Sverrisdóttir

Birna Þórisdóttir

Freyja Birgisdóttir

Helgi Sigurðsson

Vilhjálmur Bjarnason

Þorsteinn Víglundsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands fyrir árið 2023, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar
 - Rekstrarreikning fyrir árið 2023
 - Efnahagsreikning þann 31. desember 2023
 - Sjóðstreymi fyrir árið 2023
 - Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralaus álit. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 8. maí 2024

PricewaterhouseCoopers ehf.

Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir	3, 9	62.286.313	44.528.301
		<u>62.286.313</u>	<u>44.528.301</u>
Rekstrargjöld			
Styrkveitingar úr Vísindasjóði	10	71.100.000	67.747.677
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		183.878	24.056
Annar rekstrarkostnaður	11	491.183	1.138.878
		<u>71.775.061</u>	<u>68.910.611</u>
Rekstrartap		(9.488.748)	(24.382.310)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og gengismunur		261.766	69.291
Gangvirðisbreytingar verðbréfa		1.946.426	(15.228.183)
	4	<u>2.208.192</u>	<u>(15.158.892)</u>
Tap ársins		<u>(7.280.556)</u>	<u>(39.541.202)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýringar	2023	2022
Veltufjármunir			
Fjáreignir			
Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu	12	109.748.477	133.254.731
Kröfur á Krabbameinsfélag Íslands	8	54.209.022	39.909.022
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		437.977	4.741.874
Handbært fé	5	7.339.093	383.309
		<u>61.986.092</u>	<u>45.034.205</u>
Eignir samtals		<u>171.734.569</u>	<u>178.288.936</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Bundið eigið fé:			
Höfuðstóll óskerðanlegur		20.000.000	20.000.000
Höfuðstóll til ráðstöfunar síðar		5.461.208	30.922.412
		<u>25.461.208</u>	<u>50.922.412</u>
Óbundið eigið fé:			
Höfuðstóll laus til styrkveitinga		125.538.142	107.357.494
Eigið fé samtals	6	150.999.350	158.279.906
Skuldir			
Ógreiddir styrkir	7	20.735.219	20.009.030
		<u>20.735.219</u>	<u>20.009.030</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>171.734.569</u>	<u>178.288.936</u>

Sjóðstreymi ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé til rekstrar:			
Tap ársins		(7.280.556)	(39.541.202)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Óinnleystar gangvirðisbreytingar verðbréfa		2.204.908	16.198.506
Hreint veltufé til rekstrar		<u>(5.075.648)</u>	<u>(23.342.696)</u>
 Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(9.996.103)	3.437.878
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>726.189</u>	<u>5.664.191</u>
		<u>(9.269.914)</u>	<u>9.102.069</u>
 Handbært fé til rekstrar		 (14.345.562)	 (14.240.627)
 Fjárfestingahreyfingar			
Viðskipti með eignir í fjárvörslu		21.301.346	14.461.000
		<u>21.301.346</u>	<u>14.461.000</u>
 Hækkun á handbæru fé		 6.955.784	 220.373
 Handbært fé í byrjun árs		 383.309	 162.936
Handbært fé í árslok		<u><u>7.339.093</u></u>	<u><u>383.309</u></u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands er sjálfseignarstofnun og er tilgangur sjóðsins að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum.

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur sjóðsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

Samanburðarfjárhæðir

Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs tengt sundurliðun á verðbréfum, vísað til skýringu 12.

3. Tekjur

Framlög og styrkir til sjóðsins eru færð til tekna þegar fjárhagslegur ávinningur vegna þeirra hefur skilað sér til sjóðsins, eða þegar unnt er að meta fjárhagslegan ávinning þeirra með ábyggilegum hætti.

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Tekjur af fjáreignum

Fjáreignir eru í eignastýringu hjá viðskiptabönkum félagsins samkvæmt samningi þar um. Tekjur vegna fjáreignanna færir félagið með eftirfarandi hætti:

Óinnleystur hagnaður eða tap eignastýringar: Er færður í lok reikningsskilatímabils samkvæmt uppgjöri frá eignastýringu og er vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga á fjárfestingum félagsins.

Innleystur hagnaður eignastýringar: Er hagnaður eða tap vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga af fjárfestingum félagsins sem hefur verið innleystur á tímabilinu.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði, fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum.

Arðstekjur eignastýringar: Eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Vaxtatekjur eignastýringar: Eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna innlánsreikninga í eignastýringu.

Aðrar vaxtatekjur eru vaxtatekjur vegna bankainnistæðna, innheimtu lífeyrissjóða og annarra krafna.

Fjármagnsgjöld og fjármagnstekjuskattur

Fjármagnsgjöld eru færð til gjalda á því tímabili sem þau falla til. Fjármagnstekjuskattur er eignfærður á því ári sem hann er innheimtur þar sem félagið er skráð á almannaheillaskrá og fæst því endurgreiddur.

Skýringar

5. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

6. Eigið fé

Samkvæmt stofnskrá sjóðsins er óskerðanlegur hluti stofnframlags kr. 20.000.000.

Sjóðstjórn hefur árlega til ráðstöfunar 10% af upphaflegu stofnframlagi eða kr. 25.461.204, án þess þó að gengið sé á óskerðanlegan hluta þess auk rekstrarafkomu ársins.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Höfuðstóll óskerðanlegur	Höfuðstóll til ráðstöfunar síðar	Höfuðstóll laus til styrkveitinga	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2022:				
Staða í ársbyrjun	20.000.000	56.383.616	121.437.492	197.821.108
Af höfuðstól til styrkveitinga	0	(25.461.204)	25.461.204	0
Tap ársins	0	0	(39.541.202)	(39.541.202)
Staða í árslok	20.000.000	30.922.412	107.357.494	158.279.906
Hreyfingar 2023:				
Staða í ársbyrjun	20.000.000	30.922.412	107.357.494	158.279.906
Af höfuðstól til styrkveitinga	0	(25.461.204)	25.461.204	0
Tap ársins	0	0	(7.280.556)	(7.280.556)
Staða í árslok	20.000.000	5.461.208	125.538.142	150.999.350

7. Ógreiddir styrkir

Samkvæmt úthlutunarreglum Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands heldur sjóðurinn eftir 10% af úthlutuðum styrkjum sem koma til greiðslu þegar vísindarannsóknnum lýkur og lokaskýrslum hefur verið skilað til sjóðsins.

8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins er Krabbameinsfélag Íslands þar sem það er fjárhagslega háð framlögum frá Krabbameinsfélagi Íslands. Stjórn félagsins, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila eru einnig skilgreindir sem tengdir aðilar. Stöður við tengda aðila voru eftirfarandi:

	2023	2022
<i>Sundurliður á kröfum og skuldum á tengda aðila</i>		
Krabbameinsfélag Íslands	54.209.022	39.909.022

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands hefur tekið ákvörðun um að veita styrk til félagsins að fjárhæð kr. 50 milljónir á árinu 2023.

	2023	2022
9. Framlög og styrkir		
Krabbameinsfélag Íslands	50.000.000	40.000.000
Krabbameinsfélag Höfuðborgarsvæðisins	5.000.000	0
Styrktarsjóður M.P.J.	5.000.000	0
Dánarbú Guðlaugar Guðmundsdóttir	2.211.313	0
Vilhjálmur Bjarnason	50.000	0
Una Eydís Finnisdóttir	20.000	0
Soffía Jónsdóttir	5.000	0
Bláa lónið hf.	0	4.300.000
University of Oxford	0	228.301
	62.286.313	44.528.301

Skýringar

	2023	2022
10. Styrkveitingar úr Vísindasjóði		
Berglind Ósk Einarsdóttir	8.000.000	6.000.000
Margrét Helga Ögmundsdóttir	8.000.000	6.000.000
Sigurður Yngvi Kristinsson	7.800.000	6.000.000
Pétur Orri Heiðarsson	7.900.000	5.990.087
Þórhildur Halldórsdóttir	7.900.000	5.554.080
Guðrún Valdimarsdóttir	6.000.000	5.400.000
Tómas Guðbjartsson	2.800.000	1.920.000
Stefán Sigurðsson	8.000.000	0
Berglind Eva Benediktsdóttir	4.800.000	0
Gunnhildur Ásta Traustadóttir	2.000.000	0
Jens G. Hjörleifsson	5.500.000	0
Nanna Friðriksdóttir	2.400.000	0
Valur Einarsson	0	5.878.175
Valtýr Stefánsson Thors	0	5.647.397
Georgios Kararigas	0	5.269.760
Erna Magnúsdóttir	0	4.793.400
Rósa Björk Barkardóttir	0	3.294.778
Guðmundur Hrafn Guðmundsson	0	6.000.000
	71.100.000	67.747.677
11. Annar rekstrarkostnaður		
Auglýsingakostnaður	0	420.870
Þóknun vegna fjárvörslu og bankakostnaður	491.183	585.622
Gjaldfærður hugbúnaður	0	132.386
	491.183	1.138.878
12. Fjárfestingarsjóðir		
Laust fé (Innlán)	15.230.825	10.077.379
Ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	28.691.186	41.752.208
Skuldabréf banka og fjármálastofnana	6.670.775	6.553.190
Önnur innlend skuldabréf	30.976.348	45.789.790
Erlend skuldabréf	701.089	917.069
Innlend hlutabréf	15.889.770	19.189.715
Erlend hlutabréf	11.588.485	8.975.380
	109.748.477	133.254.731

Innlánsreikningar í eignastýringu

Innlánsreikningar eru bankareikningar og lausafjársgjóðir í eignastýringu.

Félög og sjóðir, matsreglur

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru færðir á gangvirði. Verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningadegi ársins.

Eignarhlutir í hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum sem ekki eru skráðir á skipulögðum verðbréfamarkaði eru færðir upp miðað við gengi sem er útgefið af sjóðunum. Það gengi á að endurspegla gangvirði undirliggjandi hluta- og skuldabréfa í sjóðunum að fráðregnum kostnaði.

Skuldabréf, matsreglur

Skuldabréf eru metin á gangvirði. Skuldabréf sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningadegi ársins.